



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Samningur við Tónlistarskóla Árbæjar um hópakennslu í hljóðfæraleik

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 29. mars 2022 voru lögð fram drög að samningi milli skóla- og frístundasviðs og Tónlistarskóla Árbæjar um hópakennslu í hljóðfæraleik í Árbæjarskóla á skólatíma ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla-og frístundasviðs, dags. 21. mars 2022 og jafnréttisskimun á verkefninu.

Samningurinn var samþykktur og vísað til borgarráðs.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs

Virðingarfyllt,

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Drög að samningi

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 15.mars 2022

Jafnréttisskimun



Samningur milli skóla- og frístundasviðs og Tónlistarskóla Árbæjar

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og Tónlistarskóli Árbæjar, kt. 540699-2329, hins vegar, hér eftir tónlistarskólinn, gera með sér svofelldan samstarfssamning:

1. gr. Verkefni

1.1 Verkefnið felst í því að Tónlistarskóli Árbæjar tekur að sér hópakennslu í hljóðfæraleik í Árbæjarskóla á skólatíma.

Kennt verður á píanó (allir aldurshópar), rafgítar (unglingastig) og samspil, trommur – gítar-hljómborð-bassi (unglingastig).

1.2 Tónlistarskóli Árbæjar hannar, tekur upp, forritar, klippir og mótir rafrænt kennsluefni sem nemendur sem taka þátt í verkefninu hafa aðgang að hvenær sem er. Um er að ræða myndskeið og námsleiki sem tengjast efni tímana. Að meðaltali inniheldur hver kennslustund um þrjá efnispætti, myndskeið og sér forritaða námsleiki. Það námsefni sem framleitt verður á samningstímanum er fyrir öll hljóðfæri sem um ræðir, píanó, gítar og samspil og er áætlað að kennslustundir verði samanlagt um 36 rafrænar kennslustundir fyrir hverja lotu. Tónlistarskóli Árbæjar, í samstarfi við Árbæjarskóla skilar skýrslu, eigi síðar en 1. júlí 2022 og aftur 1. júlí 2023 um verkefnið.

1.3 Skóla- og frístundasvið mun kaupa og eiga hljóðfæri sem notuð verða í grunnskólum vegna verkefnisins.

Gert er ráð fyrir að um kr. 4,5 milljónum verði varið til kaupa á hljóðfærum.

1.4 Tónlistarskóli Árbæjar stýrir heildarverkefninu en vinnur það náið með stjórnendum í Árbæjarskóla varðandi skipulag á hópum og kennslutíma sem fer fram innan skólatíma.

2. gr. Framkvæmd

Árbæjarskóli upplýsir foreldra þeirra barna sem eiga kost á að taka þátt í verkefninu um fyrirkomulag og þátttöku í verkefninu. Árbæjarskóli tekur ákvörðun um hvaða nemendur taka þátt í verkefninu á hverjum tíma og ber ábyrgð á því að kynna foreldrum þeirra barna sem taka þátt í verkefninu fyrirkomulag á hópakennslunni.

Foreldrar fá reglulega upplýsingar um framvindu verkefnisins og ávinning í gegnum upplýsingaveitu Árbæjarskóla.

3. gr.

Ábyrgð á nemendum

Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, eru nemendur Árbæjarskóla á ábyrgð skólans meðan á daglegum starfstíma



skólans stendur, þegar þeir taka þátt í skipulögðu skólastarfi innan skólans, á skólalóð eða í ferðum á vegum skólans.

Ákvarðanir um réttindi og skyldur nemenda skulu teknar af Árbæjarskóla. Þetta á einnig við um þátttöku nemenda í verkefninu sem um ræðir.

4. gr.

Samskipti og starfshættir

Árbæjarskóli og Tónlistarskóli Árbæjar koma sér saman um nánari reglur og starfshætti vegna samstarfsins.

Hafi nemendur í frammi hegðun sem ekki samrýmist skólareglum Árbæjarskóla eða óhlýðnast fyrir mælum starfsfólks Tónlistarskóla Árbæjar skal viðkomandi starfsmaður gera kennara viðvart.

Hafi starfsfólk Árbæjarskóla athugasemdir fram að færa vegna framkomu eða verklags starfsfólks Tónlistarskóla Árbæjar skal leiða það mál til lykta í samráði við skólastjóra Árbæjarskóla og Tónlistarskólann. Hafi starfsfólk Tónlistarskóla Árbæjar athugasemdir fram að færa vegna framkomu eða verklags starfsfólks Árbæjarskóla skal Tónlistarskólinn leiða það mál til lykta í samráði við skólastjóra Árbæjarskóla.

5. gr.

Fjármál

Á árinu 2022 ber tónlistarskólanum að vera með 270 stundir, tímagjaldið er 15.000.- og er greiðslan því að hámarki kr. 4.050.000.- til samræmis við lið 1.1 hér að framan.

Á árinu 2022 eru greiddar til tónlistarskólans kr. 4.000.000.- fyrir gerð kennsluefnis til samræmis við gr. 1.2 hér að framan.

Á árinu 2023 eru greiddar kr. 4.000.000.- til tónlistarskólans fyrir gerð kennsluefnis til samræmis við gr. 1.2 hér að framan (fyrir önnur hljóðfæri).

Á árinu 2023 ber tónlistarskólanum að vera með 540 kennslustundir, tímagjaldið er 15.000.- og er greiðslan því að hámarki 8.100.000.- til samræmis við lið 1.1 hér að framan.

Greiðslur fara fram með jöfnum, mánaðarlegum greiðslum, samkvæmt reikningi.

6. gr.

Samskipti á framkvæmdatíma

Verkefnið er unnið í samstarfi við fagskrifstofu grunnskóla á skóla- og frístundasviði. Tengiliður verkefnisins fyrir hönd skóla- og frístundasviðs er Soffía Vagnsdóttir og fyrir hönd tónlistarskólans Stefán Stefánsson..

7. gr.

Starfsfólk



Allt starfsfólk Tónlistarskóla Árbæjar sem starfar við kennslu samkvæmt samningi þessum heyrir undir Tónlistarskóla Árbæjar sem ber ábyrgð á starfsfólki sínu.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu um það sem það fær vitneskju um í tengslum við framkvæmd verkefnisins, sbr. X kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla, kemur fram að óheimilt er að ráða til starfa við grunnskóla einstakling, sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við upphaf samningstíma skal Tónlistarskóli Árbæjar sjá til þess að fyrir liggi samþykki allra starfsmanna hans, sem starfa munu í Árbæjarskóla fyrir því að Árbæjarskóla sé heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá þeirra um brot skv. XXII. kafla (kynferðisbrot) (engin tímamörk) og XXIII. kafla (ofbeldisbrot) almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (síðustu fimm ár), auk brota gegn lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni (síðustu fimm ár). Óheimilt er að fela starfsmanni að veita nemendum Árbæjarskóla þjónustu fyrr en Árbæjarskóli hefur staðreynt að starfmaðurinn hafi ekki hlotið refsidóma fyrir þau brot, sem að framan greinir og teljist hæfur til að veita þjónustuna.

7.gr.

Tilkynningar

Falli hópakennsla niður af einhverjum orsökum skal það tilkynnt Árbæjarskóla með eins löngum fyrirvara og kostur er.

8. gr.

Framsal

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirfram fengnu skriflegu samþykki gagnaðila.

9. gr.

Vanefndir, reglur ofl.

Verði um verulegar vanefndir að ræða á skyldum skv. samningi þessum af hálfu annars hvors samningsaðila er gagnaðila heimilt að rifta samningnum án frekari fyrirvara eða aðvarana. Áður en til slíkrar riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests, sem skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 14 dagar.

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki og skal þess getið í kynningarefni að verkefnið njóti stuðnings Reykjavíkurborgar, sjá viðauka I.

10. gr.

Gildistími samnings

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2023. Aðilar skulu fyrir 1. október 2023 ákveða hvort samningur skuli endurnýjaður að því gefnu að það verði samþykkt af skóla- og frístundaráði og borgarráði.

Gerður er fyrirvari af hálfu skóla- og frístundasviðs um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.



Samningurinn er uppsegjanlegur hvenær sem er á tímabilinu af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara miðað við næstu mánaðamót eftir uppsögn. Uppsögn skal vera skrifleg.

11. gr.

Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

12. gr.

Önnur ákvæði

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita fyrirsvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta

Reykjavík

mars 2022

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

F.h. Tónlistarskóla Árbæjar

Vottar að dags. og undirskriftum:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Viðauki I

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25.maí 2017

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

1. kafli. Markmið.

1. gr.

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsörðun borgaryfirvalda.

2. gr.

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

3. gr.

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsörðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

2. kafli. Ábyrgð.

4. gr.

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

5. gr.

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

6.gr.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

3. kafli. Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja

7.gr.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

8. gr.

Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert eftir almennum umsóknum um styrki til Reykjavíkurborgar. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum einn mánuður og úthlutun nefnda og ráða sé lokið í árslok. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga. Þá skal koma fram í auglýsingu að styrkveiting feli í sér að umsækjendur undirgangist ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki

9. gr.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og á stofnunum borgarinnar.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
- Aðrar upplýsingar, ef við á.
- Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

10.gr.

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins; d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur; e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn g) því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á www.reykjavik.is og hjá stofnunum borgarinnar.

Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekkinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.

11. gr.

Framkvæmdastjórar fagnefnda leggja umsóknir fyrir nefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykktra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

12. gr.

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

13. gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

14. gr.

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærri styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

15.gr.

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

16.gr.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

4. kafli. Gildistaka

17. gr.

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði 25.maí 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samningur Tónlistarskóla Árbæjar vegna hópakennslu í hljóðfæraleik

Í janúar 2021 skilaði stýrihópur skýrslu um framtíð tónlistarnáms í Reykjavík til ársins 2030. Í skýrslunni eru lagðar fram fjölbreyttar tillögur til að auka möguleika barna í borginni á aðgengi að tónlistarnámi. Sérstaklega er kveðið á um samstarf stofnana annars vegar og að efld verði tækni og tækifæri í tónlistarnámi hins vegar.

Við síðari umræðu frumvarps að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022 var samþykkt í borgarstjórn þann 7. desember sl. að veita skóla- og frístundasviði heimild til að bjóða upp á fría hópakennslu í hljóðfæraleik í Árbæjarskóla. Kennt verður á píanó (allir aldurshópar), rafgítar (unglingastig) og samspil þar sem kennt er á trommur-gítar-hljómborð- og bassa (unglingastig).

Um er að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára í samvinnu við Tónlistarskóla Árbæjar með því að kosta sem nemur einu stöðugildi tónlistarkennara.

Með vísan til framangreinds er lagt til að samþykkt verði að gera meðfylgjandi samning við Tónlistarskóla Árbæjar sem gildi rá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024..

Fjárhagsleg áhrif

Árlegur kostnaður nemur 12.700 þ.kr. Þar sem um tímabundið verkefni er að ræða er lagt til að verkefnið verði fjármagnað með viðauka við fjárhagsáætlun í janúar 2022 af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.

Númer skjals:	FÁST-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	2
Útgáfudags:	01.09.2021
Síðast rýnt / næst rýnt:	01.09.2021 / 01.09.2022
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana og uppgjörs

FÁST-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskímunar:

Með jafnréttisskímun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskímunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	1/-01-2022
Svið:	SFS
Unnið af:	Soffíu Vagnsdóttur / Haukur Þór Haraldsson
Verkefni/tillaga:	Hópkennsla í hljóðfæraleik
Þjónustubáttur:	Tónlist
Stofnun/kostn.st.:	M3100 – Tónlistarskólar
Fjárhæð:	Kr. 12.700.000,-
Annað:	

Jafnréttisskímun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Árbæjarskóli í samvinnu við Tónlistarskóla Árbæjar bjóði upp á tilraunaverkefni í hópkennslu í hljóðfæraleik
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Með fjármagni er verið að stuðla að jafnrétti til tónlistarnáms, en skort hefur tækifæri fyrir grunnskólanemendur.
Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar.
Grunnskólabörn óháð kyni.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan hefur áhrif á heila árganga í grunnskóla óháð kyni eða stöðu þeirra.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.